

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra.

1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu í Húnaþingi vestra er samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra með vísan til samþykktar nr. 159/2000 um söfnun og förgun úrgangsefna í Húnaþingi vestra.

2. gr.

Sorphirðugjald fyrir árið 2009 er sem hér segir:

Sorpgjald á íbúðarhúsnæði, sorphirða á 10 daga fresti; kr. 22.000

Sorpeyðingargjald, sumarbústaðir og íbúðir í dreifbýli þar sem ekki er hirt sorp; kr. 9.500

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 11. desember 2008, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

4. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Hvammstanga, 11. febrúar 2009.

Skúli Þórðarson sveitarstjóri.